

Fundur stjórnar Fjár- og hjarðhundadeildar, 10.01.2023. Kl 20:00. í gegnum fjarfundabúnað.

Mættar eru fyrir hönd Fjár- og hjarðhundadeild, Elín Lára Sigurðardóttir formaður og Guðrún Th Guðmundsdóttir, ritari. Jóhanna Eivinsdóttir, Edward Birkir Dóruson og Andrea Björk Hannesdóttir.

Farið var yfir síðasta ár og ákveðið að fá tengiliði til að reikna stigahæðstu hunda tegundar. En þess má geta að nú eru 14 tegundir sem tilheyra deildinni. Þau upplýsingar sem ekki fást frá tengiliðum mun stjórn reikna út.

Næstu mál á dagskrá er ársfundur, heiðrun stigahæðstu hunda og mögulega hið sívinsæla valhappdrætti, sem er góð fjáröflun fyrir deildina. Áætlað er að fundurinn verði haldinn 21 mars 2023.

Tvö sæti verða laus í stjórn deildarinnar og hvetjum við áhugasama um að bjóða fram krafta sína og elju.

Deildin hefur ekki lengur samning við styrktaraðilann Dýrheima, en hefur áhuga á að endurnýja samninginn við þau ef samningar nást.

Farið aðeins yfir reksturinn á heimasíðunni. Það er töluverð vinna að halda henni lifandi og uppfærðri og spurning hvort einhver innan deildar hefur hug á að hjálpa við að halda síðunni lifandi.

Stjórn er ánægð með frankvæmd smalaeðlisprófs sem náðist að lokum að halda í desember eftir langt hlé og svo töluverðan mótbyr frá stjórn HRFÍ, vegna meints formgalla á umsókn.

Þar sem deildin hefur vaxið og dafnað er ekki viðunandi annað en að deildin haldi allavega eina deildarsýningu á ári. Hefur það tekist með miklum ágætum eftir faraldurinn mikla. Ákveðið er því að stefna að deildarsýningu 2 september, 2023, mögulega fyrir austan fjall en viðunandi aðstaða finnst. En staðsetning og dómari verða þó auglýst síðar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.

F.h. Stjórnar.

Guðrún Th Guðmundsdóttir.

ritari.